

77 Effect will be given immediate-
12. nóv. ly to the undertaking contained in
this note and will continue to be so
given until the arrangement may
be terminated by either of the Par-
ties by giving six months notice.

Accept, Sir, my expressions and
highest consideration.

Torp Pedersen.
Chargé d'Affaires a. i.

Mr. Maxim Litvinoff
for foreign affairs.
People's Commissary a. i.

öðrum hvorum aðilanna með sex
mánaða fyrirvara.

Ég leyfi mér að fullvissa yður
um sérstaka virðingu mína.

Torp Pedersen.
Chargé d'Affaires a. i.

Herra Maxim Litvinoff,
trúnaðarmaður þjóðarinnar í
utanríkismálum.

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 12. nóvember 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

78
27. nóv.

ÓPIÐ BRÉF,

**er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar föstudaginn
17. janúar 1930.**

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Dan-
merkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stór-
mæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt stjórnarskrá konungsríkis-
ins Íslands, 18. maí 1920, allramildilegast höfum ákveðið að láta
Alþingi koma saman til reglulegs fundar föstudaginn 17. janúar
1930.

Um leið og Vér birtum þetta, bjóðum Vér öllum þeim, sem setu
eiga að hafa á téðu Alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og

verður þar þá sett Alþingi, eftir að guðspjónustugjörð hefir farið fram **78**
í dómkirkjunni. 27. nóv.

Gjört á Amalíuborg, 27. nóvember 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

KONUNGSBRÉF

um

setning Alþingis.

79
27. nóv.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Dan-
merkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stór-
mæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vér viljum hérmeð veita yður sem forsætis-
ráðherra Vorum umboð til þess í Voru nafni að setja Alþingi,
er koma á saman til reglulegs fundar föstudaginn 17. janúar 1930.

Gjört á Amalíuborg, 27. nóvember 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.